

**Sp.**

**94. Tillaga til þingsályktunar**

**[68. mál]**

um rannsókn á brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta ári rannsaka brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi og gera kostnaðaráætlun um brú þar.

**G r e i n a r g e r ð.**

Eins og kunnugt er, er nú hafizt handa um hafnarbætur í Þorlákshöfn. Hafa verið gerðir út þaðan tvö s. l. ár 5 vélbátar um og yfir 20 tonn, auk nokkurra smærri báta á vetrarvertíð. Hafnarbótum er haldið áfram, og mun útgerð aukast, eftir því sem skilyrði batna til viðlegu fyrir fleiri báta. Þá má geta þess, að á s. l. sumri var lagt þar upp vörum, aðallega byggingarefni, sem síðan var flutt á bílum að Selfossi. En leiðin frá Þorlákshöfn að Selfossi er rúmlega 40 km. Vöruflutningar til Þorlákshafnar munu aukast mjög með bættum hafnarskilyrðum. Er þá nauðsyn á greiðum samgöngum á landi og mikilsvert að nota skemmstu leið. Ef brú kæmi á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, stýttist leiðin frá Þorlákshöfn að Selfossi um 12—13 km og lægi þá um Eyrarbakka, en þaðan eru 12 km að Selfossi, en 6 km að Stokkseyri. Á þennan hátt kæmust hin hafnlausu þorp í náið samband við Þorlákshöfn. Með þessi sjónarmið fyrir augum er þessi tillaga fram komin.